

Minnisblað til Sveitastjórna - Snæfellsnesvegur 54 um Skógarströnd (Stykkishólmsvegur– Heydalsvegur)



Í drögum að samgönguáætlun 2024-2038 er lagt er til að unnið verði við lagfæringar á ýmsum stöðum á veginum um Skógarströnd á árunum 2027-2028 og á 2. og 3. tímabili áætlunarinnar.

Vegagerðin hefur nú hafið formlegan undirbúning fyrir áframhaldandi uppbyggingu Snæfellsnesvegur 54 um Skógarströnd og sett saman verkefnahóp sem vinnur að undirbúning. Fyrstu skref eru frumdrög og undirbúningur fyrir könnun á matskyldum þáttum framkvæmdarinnar. Samhliða þessari vinnu verður skoðað og metið hvort að þverun Álftafjarðar sé fýsilegur kostur. Páll Halldór Björgúlfsson mun vera verkefnisstjóri fyrir hönd Vegagerðarinnar og er stefnt að því að vinna að verkinu í nánu samstarfi við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Síða 1/2

1. Gróf verkáætlun

Megin markmið framkvæmdarinnar er að koma bundnu slitlagi á Snæfellsnesveg frá Stykkishólmsvegi að Heydalsvegi. Leiðin um Skógarströnd er mikilvæg samgönguæð fyrir atvinnulíf bæði á Snæfellsnesi sem og í Dalabyggð og er horft til þess að sameina þessi svæði í eitt atvinnusvæði. Einnig eru þessar framkvæmdir mikilvægur þáttur í að tryggja umferðaröryggi.

Verkinu er skipt upp í þrjá megin hluta.

1. Yfirfara eldri frumdrög fyrir kaflann Heydalsvegur – Ketilstaðir
2. Frumdrög fyrir kaflann Stykkishólmsvegur – Heydalsvegur
3. Sérstök skoðun á þverun Álftafjarðar

2. Verktími

Frumdrög ásamt skoðun á þverun Álftafjarðar	2023 – 2024
MÁU og rannsóknir á umhverfisþáttum	2023 – 2025

1. Áfangi framkvæmda

Verkhönnun	2025 – 2026
Framkvæmdir (fyrsti áfangi)	2027 – 2028

Vegagerðin
{Páll Halldór
Björgúlfsson - VG}

Samkvæmt drögum að samgönguáætlun sem nú er til meðferðar í þinginu er lagt til að næstu framkvæmdir séu 2027-2028 en sú áætlun er ekki samþykkt. Þessi áætlun því er sett fram með fyrirvara um breytingar í meðförum þings.

Páll H. Björgúlfsson

Borgarnes 14.09.2023

Páll H. Björgúlfsson

Síða 2/2

Vegagerðin